



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 290

Einar Viðar

kaupmaður

(1887 – 1923)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 290

Einar Viðar - kaupmaður

Einar Viðar Indriðason fæddist 15. apríl 1887 og lést 28. maí 1923. Hann var þekktur söngvari á sínum tíma auk þess að taka þátt í leiksýningum Leikfélags Reykjavíkur. Einar var m.a. bankaritari í Íslandsbanka en undirskrift hans er m.a. að finna á peningaseðlum sem Íslandsbanki gaf út á fyrsta áratug 20. aldar. Einar Viðar var síðan kaupmaður í Reykjavík þar sem hann stóð m.a. í innflutningi á vörum.

Einar tók sér ættarnafnið Viðar árið 1916 og sama ár giftist hann Katrínu Viðar (1895-1989). Þau eignuðust tvær dætur, Jórunni Viðar, tónskáldi (f. 1918) og Drífu Viðar, litsmálara og rithöfundu (1920-1971).

Heimildir:

Jón Guðnason: *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1965*. Reykjavík 1976.

Skjalasafnið inniheldur innkomin og útsend bréf Einars Viðar kaupmanns og heildverslunar hans á árunum 1915-1922. Bréfunum er raðað eftir sendendum í stafrófsröð. Í bréfunum eru samskipti Einars við fyrirtæki í hinum ýmsu löndum varðandi innflutning til Íslands.

Skjölin fundust í möppu í risi Laugarnesskóla árið 2004 og var það Jónína Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í Laugarnesskóla sem afhenti safninu skjölin 18. janúar 2005. Líklegt er að þessi mappa hafi borist í Laugarnesskóla með Jóni Sigurðssyni, fyrsta skólastjóra Laugarnesskóla 1935-1965. Jón var seinni eiginmaður Katrínar Viðar og er líklegt að þessi skjalamappa hafi verið í hennar fórum eftir lát fyrrum eiginmanns hennar, Einars Viðar og þaðan farið á háaloft Laugarnesskóla.

Bréfasafnið fjallar fyrst og fremst um verslun milli Íslands og Spánar, Bilbao með saltfisk.

Skjalaskrá

Askja 1

Innkomin og útsend bréf heildverslunar Einars Viðar, kaupmanns 1914-1922. Raðað eftir sendendum í stafrófsröð.

Örk 1

Bréfasafn A-C.

Örk 2

Bréfasafn D-F.

Örk 3

Bréfasafn G.

Örk 4

Bréfasafn H-M.

Örk 5

Bréfasafn N-Z.

*Skráð Njörður Sigurðsson og
Guðjón Indriðason í mars 2010.*